

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

326. fundur

Föstudaginn 14. ágúst 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. í fjarfundi og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör fyrir janúar til júní 2020..
2. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2021.
3. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó.
4. Nýtt leiðanet, breytingar í skoðun fyrir sumarið 2021.
5. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör fyrir janúar til júní 2020

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins pr. 30. júní 2020. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrarafkoman er lakari en áætlunir gerðu ráð fyrir og skýrist frávik frá áætlun að stærstum hluta af lægri fargjaldatekjum vegna Covid 19 faraldursins. Tekjur eru um 11% undir áætlun og rekstrargjöld eru um 8% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 211 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins sem er 117 m.kr. lakari staða en áætlun gerði ráð fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta árshlutauppgjör 30.06 2020 með undirskrift sinni á næsta stjórnarfundum.

2. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2021

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu vinnu við helstu forsendur fjárhags- og starfsáætlunar fyrir árið 2021. Samhæfing vinnu byggðasamlaganna við fjárhagsáætlun 2021 er í höndum SSH. Undanfarin ár hefur almennt verið miðað við forsendur í þjóðhagssþá við gerð fjárhagsáætlana byggðasamlaganna þ.m.t. Strætó en nú þarf einnig að skoða viðtæk áhrif Covid 19 á starfsemi byggðasamlaganna á næsta ári.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi stjórnar.

3. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó

Lögð voru fram vinnuskjöl frá KPMG vegna kostnaðargreiningar rekstrar og fjárfestingargetu Strætó.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi stjórnar. Samþykkt var að fá fulltrúa KPMG inn á þann fund til að kynna helstu niðurstöður verkefnisins.

4. Nýtt leiðanet, breytingar í skoðun fyrir sumarið 2021

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir sem í skoðun eru að breytingum á leiðakerfi Strætó fyrir sumarið 2021.

Umræddar breytingar eru í samræmi við leiðarljós Strætó, Nýtt leiðanet, en markmið þess verkefnis er að laga Strætó að breyttu skipulagi og innleiða nýjar áherslur þar sem örari tíðni og styttri ferðatími verður í forgrunni.

5. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri fór yfir hvernig til hefur tekist í almenningssamgöngum á vegum Strætó eftir að ný fyrirmæli stjórnvalda í sóttvörnum vegna Covid 19 voru kynnt. Ekki hafa komið upp nein sérstök vandamál vegna þeirra.

Fundi slitið kl. 12:20.

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur 30.06.2020: <https://straeto.is/uploads/files/1055-1c306a1f9b.pdf>
- Árshlutareikningur – kynning: <https://straeto.is/uploads/files/1054-954d3b310b.pdf>
- Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2021 dagsett 14.08.2020: <https://straeto.is/uploads/files/1053-834e787f77.pdf>
- Nýtt leiðanet – Breytingar í skoðun fyrir sumar 2021, dagsett 14.08.2020: <https://straeto.is/uploads/files/1052-8864848f05.pdf>

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson